

L Ö G

**um breyting á lögum nr. 89 17. des. 1966,
um Framleiðnisjóð landbúnaðarins.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. laganna orðist þannig:

Stjórn Framleiðnisjóðs skal skipuð 5 mönnum, er landbúnaðarráðherra skipar til 4 ára í senn. Skal einn vera skipaður eftir tilnefningu Búnaðarfélags Íslands, einn eftir tilnefningu Stéttarsambands bænda, einn eftir tilnefningu stjórnar Búnaðarbanka Íslands og einn eftir tilnefningu stjórnar Framkvæmdastofnunar ríkisins. Ráðherra skipar formann án tilnefningar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 3. maí 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

Nr. 78.

4. maí 1972.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 40 11. maí 1970, um kaup á sex skuttogurum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „allt að sex“ í 1. mgr. 1. gr. laganna komi: allt að þrettán.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella efni þeirra inn í lög nr. 40 11. maí 1970 og gefa þau út svo breytt með fyrirsögninni: Lög um kaup á skuttogurum.

Gjört í Reykjavík, 4. maí 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Kjartansson.